

1. kafli

Sagan hefst í Súrnadal í Noregi á 10. öld. Ættfaðir Gísla var Þorkell, kallaður skerauki. Kona Þorkels hét Ísgerður og áttu þau þrjá syni: Ara, Gísla og Þorbjörn. Ari giftist Ingibjörgu. Þrællinn Kolar fylgdi Ingibjörgu. Ógnvaldur héraðsins var nefndur Björn blakki. Björn kemur til Ara og heimtar af honum Ingibjörgu, en Ari neitar. Úr verður að þeir heyja einvígi. Ari fellur og lætur lífið. Þá þykist Björn eiga rétt til konunnar og jarðarinnar. Gísli mótmælir því. Þá segir Ingibjörg þessi frægu orð: “Eigi var ég af því Ara gift að ég vildi þig eigi heldur átt hafa.” Ingibjörg bendir Gísla á að fá lánað sverðið Grásíðu hjá Koli, en sverðinu fylgdu þau álög að sá sem bar það vann orustu. Gísli berst við Björn og fellir hann. Hann giftist Ingibjörgu og tekur við búinu. Deilur hefjast milli Gísla og Kols um sverðið Grásíðu. Létu þeir báðir lífið í þeim deilum.

2. kafli

Þá tekur Þorbjörn við jörðinni. Hann giftist Þóru Rauðsdóttur. Þau áttu: Þórdísi, Þorkel, Gísla og Ara. Ari var í fóstri, en hin þrjú voru heima. Þórdís átti vingott við ýmsa menn, þ.á.m. Bárð og Kolbjörn. Þorkell var vinur Bárðar og hjálpaði þeim Þórdísi að ná saman. Þorbirni föður þeirra, líkaði þetta samband illa. Bárður vill giftast Þórdísi, en fær hennar ekki. Gísli drepur Bárð. Þorkell reiðist því. Þá segir Gísli: “Skiptum við sverðum og haf þú það sem betur býtur.” Þorkell þiggur það og er áfram í slagtogi með óvinum fjölskyldunnar (Hólmgöngu-Skeggja). Þorkell hvetur Hólmgöngu-Skeggja til að biðja Þórdísar og hefna Bárðar. Skeggi biður Þórdísar, en fær hennar ekki. Kolbjörn er í sambandi við Þórdísi og skorar Skeggi hann í einvígi. Kolbjörn samþykkir. Hann þorir þó ekki í einvígið og fer Gísli í hans stað. Gísli verður fyrir móðgun af Skeggja. Sverð Skeggja hét Gunnlogi. Gísli særði Skeggja og þá leysti Skeggi sig af hólmi (borgaði sekt og hætti einviginu). Þorkell fer heim með Gísla og er samband þeirra betra.

3. kafli

Einar og Árni, synir Skeggja, fara til Kolbjörns og bjóða honum að velja milli þess að brenna Þorbjörn súr og fjölskyldu hans inni, eða láta lífið ella. Kolbjörn valdi að fara með þeim. Þeir voru 60 talsins og kveiktu í húsum að næturlagi. Gísli vaknar og dreypir tveim geithafursskinnum í sýru til að slökkvað eldinn. 10 manns komust burt til fjalla, en 12 manns brunnu inni. Gísli leggur á ráðin um hefndir. Hann og lið hans fer fyrst til Kolbeins og brenna þeir hann inni við tólfta mann. Gísli og fjölskylda selur lönd sín og leggur út til hafs. Þau komu við í Flyðrunesi, en þar voru Skeggjasynir staddir. Gísli og félagar drepa þá alla og hirða fjármuni þeirra. Gísli hjó höfuðið af Hólmgöngu-Skeggja.

4. kafli

Þeir leggja í haf og eru í siglingu í 120 sólarhringa. Nema land í Haukadal í Dýrafirði. Þeir kaupa jörð að Sæbóli af Þorkeli auðga og Gísli byggir bæ. Vésteinn hét austmaður sem nam land í Önundarfirði og bjó að Hesti. Hann átti soninn Véstein, sem giftist Gunnhildi og áttu þau synina Helga og Berg. Gísli Súrsson og Vésteinn voru fóstbræður.

5. kafli

Þorkell bróðir Gísli giftist Ásgerði úr Tálknafirði. Gísli giftist Auði Vésteinsdóttur, systir Vésteins. Gísli, Þorkell og Þorkell auðgi vingast við Þorgrím og Börk hinn digra Þorsteinssonar þorskabíts. Þeir skiptast á gjöfum og heimsóknum. Þorgrímur biður Þórdísar, systur Gísli, og fær hennar. Brúðkaup er haldið og Þorgrímur flytur að Sæbóli. Gísli reisir nýbýli að Hóli og sest þar að með konu sinni, Auði, Þorkeli bróður sínum og Ásgerði, mágkonu sinni. Eitt vor fara þau öll og Vésteinn á vorþing. Þorgrímur var þingmaður.

6. kafli

Gísli fer á þing. Hann situr að sumbli með vinum sínum. Maður að nafni Arnór kemur til þeirra og áfelling þá fyrir að vera að drekka í stað þess að taka þátt í störfum þingsins. Segist hann þar mæla fyrir hönd margra. Fóru þeir þá til þings og fannst öllum mikið til koma hve vel búnir þeir voru. Þorkell auðgi segir við Gest: “Hversu lengi heldur þú að Haukdælir haldi glæsileik sínum?” Gestur svarar: “Eigi munu allir samþykkir hið þriðja sumar er þar eru nú í þeim flokki.” Arnór fer til Haukdæla og segir þeim frá þessu samtali. Þá segir Gísli: “Við skulum koma í veg fyrir að þessi spá rætist.” Hann leggur til að þeir sverjist í fóstbræðralag; jarðarmen. Þegar menn gengu í fóstbræðralag, gengu þeir undir torfpökuna. Síðan blanda þeir saman blóði sínu í moldina. Skyndilega dregur Þorgrímur sig út úr hópnum og segir það nógu erfitt fyrir sig að sverjast fóstbræðralagi við Gísla og Þorkel þó að hann fari ekki að gera það við Véstein líka. Þá svarar Gísli: “Ég vil ekki ganga í fóstbræðralag með manni sem vill ekki vera fóstbróðir Vésteins mágs míns.” Gísli segir við Þorkel: “Mig grunaði að svona færi.” Er nú þingi slitið.

7. kafli

Þorgrímur lendir í átökum við norska bræður sem drepa son hans, Þórodd. Þorgrímur vegur þá og hirðir skip þeirra. Heldur hann utan til Noregs. Það gera þeir Gísli og Vésteinn líka. Ferðin var þeim til fjár og frama, en á heimleiðinni strandar skip þeirra.

8. kafli

Gísli og Vésteinn eignast góðan kunningja, Skegg-Bjálfa. Hann fer með þeim til Danmerkur. Dvelja þeir þar um veturinn hjá manni er Sigurhaddur hét. Vésteinn þarf að fara til Englands að ganga frá málum sínum við mann er Sigurður hét. Þá býr Gísli til pening sem er eins á báðum hliðum, en skiptur um miðjuna. Þegar helmingarnir eru lagðir saman verður úr því ein heild. Gísli gefur Vésteini annan helminginn og biður hann að senda sér peninginn ef mikið er í húfi. Vésteinn fer til Englands, en Gísli og Skegg-Bjálfi til Noregs, þar sem þeir græddu fé. Gísli hélt síðan til Íslands.

9. kafli

Þorgrímur og Þorkell koma aftur til Íslands (Haukadals í Dýrafirði). Þannig er Þorkeli lýst: Hann er “ofláti og latur”. Öll verk lenda á Gísla. Þorkell var oft eini karlmaðurinn heima á bænum þegar aðrir voru úti að vinna. Dag nokkurn verður Þorkell vitni að samtali milli Auðar og Ásgerðar. Þær eru staddar í dyngju. Ásgerður biður Auði að skera Þorkeli skyrtu. Auður neitar. Ásgerður játar að hafa verið hrifin af Vésteini og spyr Auði hvort hún hafi ekki verið með Þorgrími áður en hún giftist Gísla. Auður viðurkennir að þau Þorgrímur hafi verið vinir, en ekki par. Þorkell heyrir samtalið og spáir því að einhver muni deysja. Auður segir: “Oft stendur illt af kvennahjali.” Ásgerður fer til Þorkels og vill vingast við hann, en hann tekur henni fálega. Þau sættast þó að lokum. Auður fer til Gísla og segir honum hvað gerst hafi. Gísli segir: “Mæla verður einhver skapanna málum.”

10. kafli

Þorkell kemur að máli við Gísla. Hann vill flytja og skipta búinu. Gísli vill ekki að hann flytji. Þá segir Þorkell að það sé ekkert gagn af sér og Gísli muni því ekkert um að hann fari. Gísli segir: “Hugsaðu ekki um það á meðan ég hef ekki orð á því.” En þannig fór að Gísli hélt landinu, en Þorkell fékk lausafé. Á bænum voru tvö lítil börn sem hétu Geirmundur og Guðríður. Geirmundur fór með Þorkeli, en Guðríður varð eftir hjá Gísla og Auði. Nú flutti Þorkell til Þorgríms mágs síns, en Gísli finnst hann ekki búa verr eftir að Þorkell fór. Oft voru haldin blót og veislur til að fagna vetri. Gísli var orðinn kristinn og því hættur að blóta, en hélt þó áfram að halda veislur. Hann hélt nú mikla veislu og bauð mörgum vinum og félögum. Daginn sem veislan var haldin sagði Auður Gísla að hún vildi að hann byði Vésteini. Gísli sagðist ekki vilja hafa Véstein í veislunni.

9. kafli

Þorgrímur og Þorkell koma aftur til Íslands (Haukadals í Dýrafirði). Þannig er Þorkeli lýst: Hann er “ofláti og latur”. Öll verk lenda á Gísla. Þorkell var oft eini karlmaðurinn heima á bænum þegar aðrir voru úti að vinna. Dag nokkurn verður Þorkell vitni að samtali milli Auðar og Ásgerðar. Þær eru staddar í dyngju. Ásgerður biður Auði að skera Þorkeli skyrtu. Auður neitar. Ásgerður játar að hafa verið hrifin af Vésteini og spyr Auði hvort hún hafi ekki verið með Þorgrími áður en hún giftist Gísla. Auður viðurkennir að þau Þorgrímur hafi verið vinir, en ekki par. Þorkell heyrir samtalið og spáir því að einhver muni deysja. Auður segir: “Oft stendur illt af kvennahjali.” Ásgerður fer til Þorkels og vill vingast við hann, en hann tekur henni fálega. Þau sættast þó að lokum. Auður fer til Gísla og segir honum hvað gerst hafi. Gísli segir: “Mæla verður einhver skapanna málum.”

10. kafli

Þorkell kemur að máli við Gísla. Hann vill flytja og skipta búinu. Gísli vill ekki að hann flytji. Þá segir Þorkell að það sé ekkert gagn af sér og Gísli muni því ekkert um að hann fari. Gísli segir: “Hugsaðu ekki um það á meðan ég hef ekki orð á því.” En þannig fór að Gísli hélt landinu, en Þorkell fékk lausafé. Á bænum voru tvö lítil börn sem hétu Geirmundur og Guðríður. Geirmundur fór með Þorkeli, en Guðríður varð eftir hjá Gísla og Auði. Nú flutti Þorkell til Þorgríms mágs síns, en Gísli finnst hann ekki búa verr eftir að Þorkell fór. Oft voru haldin blót og veislur til að fagna vetri. Gísli var orðinn kristinn og því hættur að blóta, en hélt þó áfram að halda veislur. Hann hélt nú mikla veislu og bauð mörgum vinum og félögum. Daginn sem veislan var haldin sagði Auður Gísla að hún vildi að hann byði Vésteini. Gísli sagðist ekki vilja hafa Véstein í veislunni.

11. kafli

Maður hét Þorgrímur, kallaður nef. Hann bjó á Nefsstöðum. Þorgrímur nef var mikill galdrakarlar og góður járnsmiður. Honum var boðið til Þorkels og Þorgríms. Þeir þrír lokuðu sig inni í smiðju og Þorgrímur smíðaði spjót úr Grásíðubrotum sem Þorkell fékk úr skiptum þeirra Gísla. Gísli fékk fregnir um að Vésteinn væri kominn til landsins og að von væri á honum í Haukadal. Gísli sendi húskarlar sína, Hallvarð og Hávarð, til þess að vara Véstein við og segja honum að koma ekki. Hann sendi hálfan peninginn með til þess að Vésteinn tæki mark á viðvöruninni. Þeir fóru á skipi frá Haukadal til Lækjaróss og komu að bænum Bessastöðum og fóru síðan ríðandi á hestum sem nefndir voru Bandvettir. Hávarður og Hallvarður fórust á mis við Véstein.

12. kafli

Hallvarður og Hávarður koma að Hesti og fá þar fregnir um ferðir Vésteins. Þeir ríða eins hratt og hestarnir komast á eftir Vésteini. Hestarnir springa, en þeir kalla á Véstein og ná sambandi við hann. Þeir afhenda honum peninginn en hann tekur sjálfur upp hinn helminginn og ber þá saman. Hann segir þó að þeir séu of seinir: “Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar”. Hallvarður og Hávarður fara til baka og segja Gísla tíðindin. Vésteinn fer til Gemlufjalls og hittir Lútu, frænku sína. Hún varar hann við (önnur viðvörun). Leið Vésteins liggur til Þingeyrar og hittir hann mann sem heitir Þorvaldur gneisti. Þorvaldur segir við hann: “Vertu var um þig.” (þriðja viðvörun). Vésteinn ríður hjá Sæbóli og sjá þau Geirmundur og Rannveig til hans. Geirmundur varar hann við (fjórða viðvörun) og lýgur síðan til um hvern hann hafi séð. Rannveig er send í njósnaferð að Hóli, en verður einskis vísari. Morguninn eftir ber Vésteinn þeim Gísla og Þorkeli gjafir. Það voru skrautgluggatjöld (reflar), höfuðdúkur (skrautklæði kvenna) og mundlaugar (þvottaskálar). Þorkell þiggur ekki gjafirnar og segir: “Eigi eru launin sýnni en svo.” Þar með staðfestist illur grunur Gísla.

13. kafli

Draumar Gísla ágerast og eru slæmir. Gísli vill ekki segja frá draumum sínum. Óveðurnótt eina fer Gísli ásamt mönnum sínum út að bjarga heyjum. Auður, Vésteinn og Þórður hinn huglausi eru heima á bæ. Vésteinn er veginn með eggvopni (spjóti). Auður vaknar við vígið og eggjar Þórð að taka spjótið úr sárinu. Þórður neitar enda væri hann þá að taka á sig hefndarskyldu fyrir vígið. Gísli kemur þá heim og fjarlægir spjótið. Gísli og félagar hörmuðu Véstein. Guðríður er send á Sæból til að athuga hvað menn hafast þar að. Hún kemur til baka og segir að allir hafi verið vopnaðir. Sérstaklega veitti hún því athygli að Þorgrímur var í öllum herbúnaði. “Slíks var von”, sagði Gísli við því.

14. kafli

Gísli stendur fyrir útför Vésteins. Þar var fjölmenni og þ.á.m. Þorgrímur og Þorkell. Vésteinn var heygður á sandmel við Seftjörn. Þorgrímur segir við útförina: “Það er tíska að binda mönnum helskó þá er þeir skulu ganga á til Valhallar og mun ég það gera við Véstein.” Síðan bætir hann við: “Eigi kann ég helskó að binda ef þessir losna.” Enginn vill kannast við vígið á Vésteini. Þorkell spyr hvernig Auður hafi brugðist við dauða Vésteins og Gísli segir hana vera harmi lostna. Þorkell spyr tvívegis að þessu sama. Gísli segir frá draumum sínum undanfarið og í þeim koma við sögu höggormur og vargur, sem koma af sama bæ og bana Vésteini. Gísli segist ekki hafa sagt drauma sína í þeirri von að þeir myndu ekki rætast. Þorkell biður Gísla að ganga til leika með sér og óskar eftir að samband þeirra verði svo sem best hefur verið. Gísli svarar þessu játandi en bætir við, “ef nokkuð kann það til að bera að þér þyki jafnmikið sem mér þykir þetta þá skaltu mér því heita að gera þá með sama hætti sem þú beiðir mig nú”. Þorkell lofar því.

15. kafli

Gísli og Þorgrímur takast á í knattleik. Þorkell hvetur Gísla til að halda ekki aftur af sér gagnvart Þorgrími og sýna honum í fulla hnefana. Gísli gerir það og við það eykst óvildin milli Gísla og Þorgríms. Þorgrímur heldur veislu að heiðnum sið, en Gísli haustfagnað. Fjölmenni var í báðum veislunum, en þó fjölmennara hjá Þorgrími. Þorgrímur vill vitja reflanna (gjafa Vésteins) hjá Gísla, en Þorkell vill það ekki. Skipar þá Þorgrímur Geirmundi að sækja þá og þvingar hann til þess með löðruni. Gísli afhendir Geirmundi reflana gegn vilja Auðar og með því skilyrði að Geirmundur skilji eftir opnar dyr í bæ Þorgríms um nóttina. Geirmundur verður við því. Þorkell lýsir því yfir að hann telji Gísla hafa vaxið af þessum viðskiptum.

16. kafli

Gísli segir Auði konu sinni að hann eigi eftir að gefa hesti Þorkels auðga. Biður hann hana að hleypa sér inn þegar hann komi til baka. Finnur hann síðan Grásíðu og veður bæjarlækinn heim að Sæbóli. Hann gjörþekkir húsið enda byggði hann það sjálfur. Hann slekkur tvö ljós í skálanum, en Geirmundur hið þriðja. Allir menn voru í svefni. Gísli gengur að lokrekkju Þorgríms og Þórdísar og stingur Þorgrím á hol og nam vopnið við rúmið. Mikið upppot varð á bænum, en vegna ölvunar varð lítið að gert. Gísli óð bæjarlækinn á heimleið og hleypti Auður honum inn. Hann sagði henni ekki gang atburða.

17. kafli

Eftir víg Þorgríms voru allir boðsgestir drukknir. Enginn varð var við að neinn yfirgæfi bæinn og vaknaði þá grunur um að vegandinn væri einhver gestanna. 60 manns fara frá Sæbóli að Hóli og tekur Þórður hinn huglaus á móti hópnum. (Ath! viðbrögð Þórðar) Á Hóli tekur Þorkell óhreina skó Gísla og ýtir þeim undir rúm hans. Þegar Gísli heyrir tíðindin segir hann: “Skammt er þá milli illra verka og stórra”. Hann býðst til að sjá um útförina. Þorgrímur er lagður í skip og leggur Gísli stóran stein í skipið. Gísli segir: “Eigi kann ég skip að festa ef þetta tekur veður upp.” Góð vinátta var um skeið eftir þetta með Gísla og Þorkeli.

18. kafli

Vegleg erfidrykkja er haldin eftir Þorgrím. Börkur hinn digri kaupir Þorgrím nef til að fremja galdur á hendur drápsmanni Þorgríms. Galdurinn átti að tryggja að enginn gæti hjálpað þeim manni sem hefði orðið Þorgrími að bana. Snjór festist aldrei á jörðu á gróf Þorgríms og var það túlkað þannig að Freyr hefði svo mikla ást á honum. Þórdís giftist Berki en var þá barnshafandi og eignaðist soninn Snorra goða. Auðbjörg systir Þorgríms nefns var göldrótt eins og bróðir hennar. Hún átti soninn Þorstein Þorkelsson. Auðbjörg fremur þann galdur á hendur Bergi skammfæti að hún lætur snjóflóð falla á bæ hans. Fórust þá tólf manns. Þegar menn eru að leikum heyrir Þórdís Gísla kveða vísu þar sem hann jatar á sig vígið á Þorgrími. Þar með hefur hún örlög hans í hendi sér.

19. kafli

Þorsteinn, sonur Auðbjargar, fer utan með aðstoð Gísla. Þegar Börkur digri fréttir af þessu lætur hann grýta Auðbjörgu í hel. Gísli hefnir fyrir víg Auðbjargar með því að láta færa Þorgrím nef að Saltnesi og grýta hann til bana. Augu hans voru hulin. Börkur er óþreyjufullur og vill hefna fyrir Þorgrím, bróður sinn. Er líður að vori segir Þórdís Berki frá vísunni sem Gísli kvað. Börkur var ekki viss um hvort hann ætti að trúá Þórdísi og sagði: “Eru oft köld kvenna ráð.” Þorkell og Börkur ríða að Hóli til fundar við Gísla og lýsa viginu á hendur honum. Gísla sárnar mjög við Þórdísi, en spyr Þorkel hvort hann standi með honum. Þorkell segist munu vara hann við og aðstoða hann með fjárframlögum, en ekkert gera sem tefli lífi hans sjálfs í hættu. Þorkell kaupir bæ að Hvammi á Barðaströnd. Börkur hinn digri fer til þings til að stefna Gísla fyrir vígið á Þorgrími, en Þorkell fer heim að Hóli og varar Gísla við.

20. kafli

Nú hefst útleigð Gísla. Hann selur bæ sinn Þorkeli hinum auðga. Gísli spyr Þorkel bróður sinn hvort hann muni hjálpa honum og svarar Þorkell sem fyrr. Gísli gefur Þórði hinum huglausa kápu sína og klæðist Þórður henni. Þórður var mjög vitgrannur og er stoltur yfir gjöfinni. Börkur veitir þeim eftirför inn í skóginn og Þorgrímur Austmaður banar Þórði með spjóti. Þeir héldu að Þórður væri Gísli. Gísli varð þannig valdur að dauða Þórðar. Í liði Barkar hins digra var einnig Saka-Steinn. Þorgrímur austmaður særði Gísla, en Gísli sendi spjótið til baka og banaði Þorgrími Austmanni. Börkur og félagar höfðu þegar mál á hendur Gísla fyrir víg Þorgríms Austmanns. Gísli hraðar sér til bæjar og sækir Auði, Guðríði mey og allt lausafé. Hann fer að Húsanesi og siglir inn í Arnarfjörð og tekur land í Geirþjófsfirði. Þar byggir hann sér hús.

21. kafli

Gísli biður mága sína að sættast fyrir sína hönd á þingi. Þeim verður ekki ágengt. Var Gísli sekur fundinn á þinginu. Þorkell auðgi færir honum þessa frétt. Gísli kveður þá vísur þar sem hann vænir mága sína um hugleysi. Gísli dvelur ýmist í Geirþjófsfirði eða með Þorkeli auðga. Þrjá vetur fer hann um Ísland til að biðja höfðingja að aðstoða sig. Vegna galdurs Þorgríms nefns var ekki unnt að veita Gísla aðstoð. Í Geirþjófsfirði dvaldi Gísli ýmist í Auðarbæ eða í fylgsni sem hann hafði gert sér.

22. kafli

Börkur hinn digri ræður Eyjólf gráa til að hafa hendur í hári Gísla. Að launum átti Eyjólfur að hljóta þrjú hundruð silfurs af bestu gerð. Hann þiggur launin fyrir fram. Eyjólfur ræður Njósna-Helga til að handsama Gísla. Hann fer árangurslausu ferð í Geirþjófsdal í leit að Gísla. Gísli var berdreyminn. Hann átti sér draumkonur tvær. Önnur birtist nú Gísla í draumi og í skálanum sem Gísla fannst hann vera staddur í loguðu sjö eldar. Draumkonan túlkaði drauminn svo að eldarnir táknuðu árin sem Gísli ætti ólifuð. Einnig ráðlagði hún honum að stunda kristilegt líferni og reynast eymingjum vel. Hún hvatti hann til bjartsýni.

23. kafli

Börkur er óánægður með frammistöðu Eyjólf. Enn sendir Eyjólfur Njósna-Helga til Geirþjófsfjarðar. Þar dvelur Njósna-Helgi í viku og verður á síðasta degi var við Gísli. Eyjólfur fer þá með átta manns til Geirþjófsfjarðar og ógnar Auði til frásagnar um ferðir Gísli. Ferðin varð Eyjólf til lítils sóma. Gísli fer til Þorkels bróður síns sem nú býr að Hvammi á Barðaströnd. Spyr hann enn hveðrar aðstoðar hann megi vænta frá Þorkeli. Þorkell svarar sem fyrr. Gísli biður Þorkel um vaðmál og verður hann við þeirri ósk. Gísli þykir Þorkell ekki veita sér vel. Gísli fer að Vaðli, en þar býr Þorgerður, móðir Gestis Oddleifssonar. Dvelur Gísli þar í jarðhýsi þann vetur.

24. kafli

Þegar vorar fer Gísli aftur í Geirþjófsfjörð vegn þess að hann saknar Auðar. Þegar haustar versna draumar Gísli. (Nú kemur verri draumkonan makar hann í blóði). Um veturinn dvelur Gísli hjá Þorgerði (móður Gestis Oddleifssonar) en um sumarið fer hann aftur í Geirþjófsfjörð. Um haustið fer hann til Þorkels og biður hann um hjálp. Þorkell býður honum hross eða skip, en neitar honum um þá hjálp sem hann vill. Gísli þiggur skipið og spáir fyrir dauða Þorkels. Nú siglir Gísli út í Hergilsey á Breiðafirði, hvolfir skipinu og lætur það reka til þess að allir haldi að hann hafi druknað. Gísli fer á bæinn til Ingjalds og Þorgerðar og dvelur þar um nokkurn tíma.

25. kafli

Sonur Ingjalds hét Helgi. Hann var hið mesta fífl og kallaður Ingjaldsfífl. Meðan Gísli dvaldist í eyinni smíðaði hann marga hluti sem voru svo vel gerðir að fólki fannst ótrúlegt að Ingjaldur hefði smíðað þá. Fóru þá grunsemdir að vakna að Gísli væri ekki dauður, heldur væri hann hjá Ingjaldi. Eyjólfur grái fréttir það og sendir Njósna-Helga út í eyna. Gísli faldist í jarðhúsi ef menn komu í eyna. Njósna-Helgi fær gistingu hjá Ingjaldi og morguninn eftir þykist hann vera veikur. Hann lítur í kringum sig og sér Þorgerði setja mat á bakka. Hann eltir hana og sér Gísli. Næsta morgun fer hann úr eyinni, beint til Barkar og segir honum fréttirnar. Börkur og fjórtán aðrir sigla út í Breiðafjörð. Þennan dag eru Gísli, Ingjaldur, þræll hans og ambátt á veiðum hjá Skutileyjum.

26. kafli

Ingjaldur sér skipið og hyggur að þar sé Borkur hinn digri á ferð. Gísli skiptir um fót við þrælinn og fer í bátinn til Bóthildar. Þau róa á móti Berki og Gísli þykist vera Ingjakldsfiðli. Borkur spyr Bóthildi hvort Gísli sé í eygni en hún segist ekki vita það. Hún segir Berki að Ingjaldur hafi farið eyjarinnar með manni sem hún hélt vera þræl hans. Borkur og menn hans gera grín að Gísli sem þeir halda að sé fiðli. Svo fara þeir til Hergilseyjar og sjá Ingjald og þrælinn á Vaðsteinabergi. Borkur skipar Ingjaldi að segja til Gísli og hótar að drepa Ingjald. Þá svarar Ingjaldur: “Ég hef vond klæði og hryggir mig ekki þó að ég slíti þeim ekki gerr; og fyrr mun ég láta lífið en ég geri eigi Gísli það gott sem ég má og firri hann vandræðum.” Menn segja að Ingjaldur hafi hjálpað Gísli mest, og að galdur Þorgríms nefs hafi ekki náð út fyrir landið.

27. kafli

Borkur hlustar ekki á Ingjald, heldur fer í land og leitarað Gísli á bænum, en finnur hann ekki. Þeir sjá Ingjakldsfiðli og átta sig á að Gísli hafi verið á bátnum. Borkur eltir hann. Gísli gefur Bóthildi gull til að kaupa frelsi fyrir sig og þrælinn Svart og hleypur svo á land. Borkur og þeir ná landi og hleypur Saka-Steinn á eftir Gísli, en Gísli drepur hann. Gísli leggst til sunds en Borkur skýtur spjóti sem kemur í kálfa Gísli. Gísli nær spjótinu úr sárinu en tynir sverðinu. Hann fer á land og inn í skóg. Þar umkringja Borkur og menn hans Gísli. Hann kemst undan og fer að Haugi þar sem Refur og Álfðís, kona hans, búa. Gísli segir hvað hafi gerst og biður Ref um aðstoð. Refur felur Gísli í rúmi Álfðísar og biður hana að vera alveg brjáláða þegar Borkur komi. Borkur og menn hans leita í húsinu, en Álfðís rífur kjaft við þá og þeir finna ekki Gísli. Gísli dvelur hjá Refi í hálfan mánuð og gefur honum gjafir að skilnaði. Síðan fer hann í Geirþjófsfjörð til Auðar.

28. kafli

Um vorið fer Börkur á Þorskafjarðarþing með fjölmenni. Gestur Oddleifsson og Þorkell Súrsson fara þangað einnig. Áður en Gestur leggur af stað koma tveir drengir til hans og fara með honum á þingið. Á þinginu er maður sem heitir Hallbjörn. Strákarnir fengu gistingu í tjaldbúð hans. Strákarnir fara til Þorkels og fá að skoða sverð hans. Þegar minnst varir drepa þeir hann. Þeir henda frá sér sverðinu og hlaupa með Hallbirni að tjaldbúðum Barkar. Enginn vissi hver væri morðinginn. Hallbjörn hleypur til búða sinna, en drengirnir fela sig í skógi.

29. kafli

Menn spyrja Hallbjörn um málið og hann lýsir þessum ókunnugu drengjum sem gistu í búð hans. Börkur þykist þá vita að þetta hafi verið synir Vésteins. Hann spyr Gest hvað hann eigi að gera. Gestur segir þeim að fella niður málin sem þeir gera. Menn hafa sagt að Gestur hafi verið í ráðum með strákunum, því hann var skyldur þeim. Þorkell var heygður. Drengirnir tveir fara í Geirþjófsfjörð um nótt og hitta Auði og segja henni frá öllu. Gísli var þar líka sofandi. Auður gefur þeim og sendir svo á brott, því að hún vildi ekki biðja Gísla að hjálpa þeim.

30. kafli

Auður segir Gísla hvað hafi gerst. Hann vill drepa strákana en Auður segir að þeir séu farnir. Þá róast Gísli og segir best að þeir hittist ekki. Þegar haustar versna draumar hans. Nú eru aðeins tveir vetur eftir af lífi Gísla miðað við orð draumkonunnar. En eina nóttina kemur góða draumkonan til hans ríðandi gráum hesti og býður honum með sér sem hann þáði. Þau koma að höll einni, en þangað sagði draumkonan að Gísli mundi fara þegar hann dæi.

31. kafli

Njósнар-Helgi er sendur í Geirþjófsfjörð og með honum Hávarður, frændi Gests. Þeir þóttust vera að höggva við, en voru í raun að leita að Gísla. Kvöld eitt sjá þeir eld í fjallinu og hlaða vörðu svo að þeir geti séð staðinn daginn eftir. Hávarður fer að sofa meðan Helgi klárar vörðuna. Svo fer Helgi að sofa en á meðan ber Hávarður steinana úr vörðunni, tekur svo stóran stein og kastar honum í bergið nálægt höfði Helga svo hann hrökk við. Hávarður sagði að Gísli hefði kastað grjótinu. Njósнар-Helgi flýr sem fætur toga niður í skipið og Hávarður fer á eftir honum og þeir róa heim í Otradal. Njósнар-Helgi segir Eyjólfur hvar Gísli sé niður kominn og Eyjólfur fer strax með Hávarði, Njósнар-Helga og níu öðrum í Geirþjófsfjörð. Þeir leita um allt að fylgsni Gísla og vörðunni en finna hvorugt. Þá fer Eyjólfur til Auður og býður henni fé fyrir að segja til Gísla. Hún tekur við fénu og þykist ætla að ganga að kaupunum, en Guðríður fer að gráta.

32. kafli

Guðríður fer út til Gísla og segir honum að Auður ætli að svíkja hann. Gísli segist vita að hún sé bara að plata þá. Guðríður fer þá inn. Auður spyr Eyjólf hvort hún megi gera það sem hún vill við féð og hann játar því. Hún setur þá alla peningana í einn sjóð og slær Eyjólf í andlitið með þeim og segir: “Skaltu það muna, vesæll maður, meðan þú lifir að kona hefur barið þig.” Eyjólfur skipar mönnum sínum að drepa hana, en Hávarður mótmælir því. Svo fóru þeir. En áður en Hávarður fór gaf Auður honum hring fyrir hjálpina. Hávarður vildi ekki vera lengur hjá Eyjólfur, heldur fór suður á Barðaströnd til Gests Oddleifssonar.

33. kafli

Yfir sumarið dvelur Gísli í jarðhýsi sínu. Eina nótt dreymir hann að verri draumkonan komi til hans og vilji breyta öllu sem hin góða hafði sagt honum. (sjá 30.kafli) Hann dreymdi að hún makaði hann allan í blóði og setti á hann blóðuga húfu. Eftir þetta varð Gísli svo myrkfælinn að hann þorði hvergi að vera einn. Honum fannst hann alltaf sjá verri draumkonuna þegar hann lokaði augunum. Aðra nótt dreymdi hann að margir menn, m.a. Eyjólfur grái, sóttu að honum og hann varðist lengi en var á endanum drepinn og stóð kona grátandi yfir honum.

34. kafli

Um haustið vill Gísli fara í fylgsni sitt og sofna. Fara Auður og Guðríður með honum. Dreymir Gísli fyrir bardaga. Stuttu síðar heyra þau Gísli mannamál. Þar er kominn Eyjólfur með 14 menn. Ganga þau Gísli upp á kleifarnar. Eyjólfur biður Gísla að flýja ekki sem huglaus maður enda eigi hann að heita fullhugi. Gísli svarar: “Sæk þú að karlmannlega fyrir því að ég skal ekki lengra fara undan.” Biður hann Eyjólf að sækja fremstan, en Eyjólfur vill það ekki. Biður hann Njósna-Helga að fara framstan. Helgi gerir það og drepur Gísli hann. Eyjólfur kemst upp á öðrum stað en mætir þar Auði sem slær til hans svo hann hratar niður aftur. Þá mælti Gísli: “Það vissi ég fyrir löngu að ég var vel kvæntur en þó vissi ég eigi að ég væri svo vel kvæntur sem ég er.”

35. kafli

Nú fara tveir menn og halda Auði og Guríði. Sækja nú tólf menn að Gísla, en hann ver sig bæði með grjóti og vopnum. Þegar Gísli hefur fjóra menn drepið hleypur hann upp á hamar þann er Einhamar heitir og af kleifunum. Hvetur Eyjólfur menn sína ákaft, en hann hafði einvalið með sér að hreysti og harðfengi.

36. kafli

Maður er nefndur Sveinn er fyrstur ræðst upp á hamarinn, en Gísli klýfur hann í herðar niður. Þá mælti Gísli: “Það mundi ég vilja að þau þrjú hundruð silfurs er þú hefur tekið til höfuðs mér, skaltu hafa dýrast keypt og það mundi ég vilja að þú gæfir til þess önnur þrjú hundruð silfurs að við hefðum aldrei fundist og muntu taka svívirðing fyrir mannskaða.” Sækja þeir nú fast að honum og koma á hann nokkrum sárum. Leggja þeir til hans spjótum svo út falla iðrin en hann sveipar að sér iðrunum og skyrtunni og bindur að fyrir neðan með reipinu. Kveður hann sína síðustu vísu. Að því loknu hleypur hann ofan af hamrinum og keyrir sverðið í höfuð Þóri frænda Eyjólfssonar og klýfur hann allt til beltisstaðar enda fellur Gísli á hann ofan og er þegar örendur. Stuttu síðar andaðist sjötti maðurinn af sárum sínum, en alls urðu þeir átta er létust í þessum hildarleik. “Og er það alsagt að engin hafi hér frægari vörn veitt verið af einum manni svo að menn viti með sannindum.”

37. kafli

Eyjólfur fer til Barkar digra og segir honum tíðindin og verður Börkur kátur við þetta og biður Þórdísi að taka Eyjólfvi vel. Um kvöldið er hún ber fram graut sér hún hvar Eyjólfur hefur lagt frá sér sverð Gísla. Tekur hún sverðið og leggur til Eyjólfssonar og kom í lærið og varð mikið sár. Börkur bauð Eyjólfvi sjálfðæmi í málinu, en Þórdís sagði skilið við Bork og fór að búa á Þórdísarstöðum út á Eyri. Fer Eyjólfur heim og unír illa við sína ferð.

38. kafli

Gestur hjálpar Vésteinssonum, Gunnhildi móður þeirra, Auði konu Gísla og Guðríði Ingjaldsdóttur og Geirmundi bróður hennar að fara utan. Bergur Vésteinsson verður á vegi Ara Súrssonar í Noregi sem drepur hann. Helgi bróðir Bergs komst undan til Grænlands. Auður og Gunnhildur fara til Danmerkur. Tóku þær trú og gengu suður og komu eigi aftur. Geirmundi og Guðríði systur hans farnaðist vel. Ari Súrsson flutti til Íslands.